

Stjórn Strætó

Pönglabakka 4

109 Reykjavík

Urriðaholti, 23. janúar 2018

Starfsmenn hjá Náttúrufræðistofnun í Urriðaholti 6-8 eru óhressir með þær breytingar sem gerðar voru á leiðakerfi strætó nr. 21 í janúar 2018 (Fjörður_Mjódd). Athugasemdir eru í réttri röð við mikilvægi þeirra.

- Mikið óráð var að leggja niður stoppistöðina við IKEA. Á umliðnum árum hafa 5-10 farþegar yfirgefið vagninn sem stöðvaði þar kl. 7:30 daglega. Að sameina stoppistöðvarnar IKEA og Kaupþún hefur þýtt að í dag fóru t.d. 19 farþegar út úr leið 21 í Kaupþúni kl. 7:35. Það liggur við að það hefði mátt vera með sér vagn beina leið í Kaupþún, slík er umferðin á þessu svæði. Það skýtur nokkuð skökku við að um leið og byggt er upp nýtt íbúðarhverfi í Urriðaholti og verslanir eins og Costco, IKEA, Bónus, Vínbúð og bifreiðaumboð auka starfsemi sína, þá er stoppistöðvum fækkað. 5-10 starfsmenn Náttúrufræðistofnunar koma daglega með strætó og þurfa nú að ganga lengri leið, oft í viðsjálum veðrum. Ég legg til að IKEA-stöðin verði tekin í gagnið aftur og fyrstu ferðum virka daga verði fjölgað.
- Stoppistöðin við IKEA stendur við götu þar sem eru tvær akreinar og umferð á eftir vagni átti greiða leið framhjá þegar stöðvar var. Nýja stoppistöðin við Kaupþún stendur hins vegar við einbreiða götu og því stöðvast öll umferð fyrir aftan vagninn þegar hann stoppar. Það skapar hættur ef ökumenn vilja taka framúr strætisvagninum og bíll kemur á móti.
- Allar rúður voru brotnar í strætóskýlinu við IKEA í lok sumars. Eftir ítrekaðar símhringingar á skrifstofur Garðabæjar tók allt haustið að koma nýjum rúðum fyrir. Á meðan þurftu farþegar að standa bak við skýlið, úti í móa, í suðaustan rigningum. Nú stendur skýlið ónotað.
- Ekki var haft fyrir því að setja upp skýli eða færa skýlið frá IKEA að Kaupþúni þegar breytingar voru gerðar á leiðakerfinu. Skjóta má því að forráðamönnum strætó að prófa hvernig er að standa úti í því veðri sem verið hefur síðustu vikur og bíða eftir strætó, svo þeir skilji þetta sjónarmið.
- Ef áformað er að setja upp skýli og lagfæra stoppistöðina í Kaupþúni þannig að bílar komist framhjá strætó, þá hefði átt að ráðast í þær framkvæmdir áður en stoppistöðin var flutt frá Ikea að Kaupþúni.
- IKEA hefur verið að girða af sína lóð og því vantar gangbraut við hina fjölsóttu stoppistöð í Kaupþúni.
- Eftir þessar breytingar tekur liðlega fimm mínútna lengri tíma að komast frá Mjódd upp í Urriðaholt. Við getum skilið að hagkvæmt sé talið að aka framhjá Smáralind, en vagnar stöðva jafnvel þar eða í Hlíðarhjalla þótt enginn farþegi hafi óskað eftir því og enginn farþegi sé á biðstöðinni. Er þetta nýbreytni til framtíðar?

Virðingarfyllt



Magnús Guðmundsson

Afrit til bæjarstjórnar Garðabæjar.